

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 7. stjórnarfundar, haldinn þann 18. mars. 2024 í Reykjastræti kl. 12:00-13:50.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Guðrún Þorleifsdóttir og Hermann Hermannsson sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundar:

- Fundargerð 6. fundar**
Fundargerð 6. fundar samþykkt.
- Ráðning framkvæmdarstjóra**
Viðtöl við umsækjendur standa yfir.
- Staða jarðhræringa á Reykjanesi**
Staðan rædd. Haft hefur verið samband við Almannavarnir og óskað eftir tengilið við fasteignafélagið.
- Umsóknir um kaup félagsins á íbúðarhúsnæði**
Alls eru umsóknir í dag 408, búið er að lagfæra villu á umsóknarvef í tengslum við lögheimilisskráningu þeirra sem voru skráðir með núverandi lögheimili 1986 og fyrr. Óskað hefur eftir við Stafrænt Ísland að fá yfirlit yfir umsóknir sem hafa borist.
- Þjónusta fjársýslu ríkisins**
Fulltrúa stjórnar munu hitta forsvarsmenn fjársýslunnar síðar í vikunni varðandi væntanleg þjónustukaup félagsins.
- Búseturéttarhafar**
Búið að hafa samband við forsvarsmenn Búanna sem eiga 31 eign í Grindavík, stefnt að fundi í næstu viku.
- Aðkeypt þjónusta**
Ákveðið að fá starfsmann frá FSRE til aðstoðar. Heimilt að gera skammtímasamning við FSRE um kaup á þjónustu.
- Skjalagerð**
Von er á drögum að lánaskjölum o.fl. á morgun þriðjudaginn 19. mars.
- Bankaviðskipti**
Ákveðið að stofna til bankaviðskipta við Landsbankann.
- Önnur mál**
Næsti stjórnarfundur verður á morgun 19. mars kl. 12
Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:50.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir